



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Aðventutónleikar Sinfóníunnar

4. desember 2014





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð timalengd verka:

Hljómsveitarsvíta nr. 1: 21'00''

Konsert fyrir tvær fiðlur: 16'00''

Brandenburgarkonsert nr. 1: 19'00''

Hljómsveitarsvíta nr. 3: 22'00''

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Tónleikar í Eldborg 4. desember » 19:30

Dirk Vermeulen hljómsveitarstjóri
Nicola Lolli og **Sigrún Eðvaldsdóttir** einleikarar

Johann Sebastian Bach

Hljómsveitarsvíta nr. 1 í C-dúr, BWV 1066 (1723/24)

Ouverture
Courante
Gavotte I & II
Forlane
Menuet I & II
Bourrée I & II
Passepied I & II

Konsert fyrir tvær fiðlur í d-moll, BWV 1043 (1717-1723)

Vivace
Largo ma non tanto
Allegro

Hlé

Brandenburgarkonsert nr. 1 í F-dúr, BWV 1046 (1721)

—
Adagio
Allegro
Menuet – Trio I - Polonaise – Trio II

Hljómsveitarsvíta nr. 3 í D-dúr, BWV 1068 (1730/31)

Ouverture
Air
Gavotte I & II
Bourée
Gigue

Dirk Vermeulen

hljónsveitarstjóri



Belgíski hljónsveitarstjórinn Dirk Vermeulen hóf feril sinn sem fiðluleikari. Hann lék undir stjórn helstu hljónsveitarstjóra í Evrópu og gegndi konsertmeisterastöðu við Konunglegu flæmsku filharmóníusveitina. Vermeulen snéri sér alfarið að hljónsveitarstjórn árið 1985 og hefur hlotið mikið lof fyrir flutning sinn á 18. aldar tónlist og snemmrómantík en hefur einnig verið atkvæðamikill í flutningi tónlistar fyrri tíma og samtímatónlistar. Árið 1991 stofnaði hann kammersveitina Prima La Musica sem á skömmum tíma skipaði sér í hóp bestu hljónsveita Belgíu.

Vermeulen hefur komið fram sem gestastjórnandi með fjölda hljónsveita í Evrópu og unnið með listafólki á borð við Mariu João Pires, José van Dam, Barböru Hendricks, Barböru Hannigan, Sabine Meyer, Janine Jansen og Isabelle Faust og með jazzgoðsögnunum Toots Thielemans, Wayne Shorter og Diane Reeves.

Vermeulen hefur stjórnað óperuflutningi víða í Evrópu en hann hefur sérstakt dálæti á óperum Mozarts. Nýverið stjórnaði hann tveimur nýjum uppfærslum; *Orfeó* og *Evridísi* eftir Gluck í Frakklandi og *Brúðkaupi Fígarós* eftir Mozart í Þýskalandi. Undanfarið hefur hann verið tíður gestur Wiener Concert Verein, kammerhljónsveitar Sinfóníuhljónsveitar Vínarborgar, og einnig stjórnaði hann Hljónsveit 18. aldarinnar í tónleikaferð sveitarinnar um Ítalíu í fjarveru Frans Brüggen.

Vermeulen hefur gefið út fjölda geisladiska og verið í samstarfi við útgáfufyrirtækin EMI og Vanguard Classics meðal annarra. Vermeulen gegnir nú prófessorsstöðu við Konunglega konservatóríið í Brussel.

Nicola Lolli

einleikari



Nicola Lolli er fæddur í Castelfranco Veneto á Ítalíu og kom fyrst fram sem einleikari ellefu ára gamall í Teatro Chiabrere í Savona. Hann nam hjá Gerhard Schulz, Shmuel Ashkenasi og Eszter Haffner. Nicola hefur komið fram sem einleikari í Taiwan og með Salieri-hljómsveitinni á Ítalíu. Nicola hefur unnið til verðlauna í mörgum fiðlukeppnum, meðal annarra, Alþjóðlegu ítölsku fiðlukeppninni í Vittorio Veneto árin 1993 og 1997. Nicola lék um tíma með Vínarfílharmoníunni og ferðaðist víða með hljómsveitinni og lék meðal annars undir stjórn Zubin Mehta, Mariss Jansons, Bernard Haitink, Lorin Maazel, Nikolaus Harnoncourt og Christian Thielemann.

Nicola var aðstoðarkonsertmeistari í Accademia Nazionale di Santa Cecilia í Róm en frá því í september 2012 hefur hann, ásamt Sigrúnu Eðvaldsdóttur, gegnt starfi 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sigrún Eðvaldsdóttir

einleikari



Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám hjá Gígu Jóhannsdóttur en lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1984 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og lauk bakkalárgráðu frá Curtis-tónlistarháskólanum í Fíladelfíu 1988. Hún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna; varð í öðru sæti í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, hlaut bronsverðlaun í Síbelúsar-keppninni árið 1990 og önnur verðlaun í Carl Flesch-keppninni árið 1992. Sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Brøste. Hennar er getið sem eins af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henry Roth: Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century.

Sigrún hefur gegnt stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og margoft komið fram sem einleikari með hljómsveitinni. Árið 1998 var Sigrún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar.

Johann Sebastian Bach

Hljómsveitarsvítur nr. 1 og nr. 3



Dagskrá tónleika kvöldsins er tileinkuð verkum eftir Johann Sebastian Bach (1685-1750) og fer vel á því þar sem aðventan og hugljúf barokktónlistin eru þýðir förunautar. Efnisskráin er römmuð inn af tveimur hljómsveitarsvítum tónskáldsins; þeirri fyrstu og þriðju sem báðar eru glæsilegir hornsteinar barokktímans. Bach, sem var bæði kirkju- og hirðtónskáld, var mikill vinnuþjarkur og hafði fyrir stórri fjölskyldu að sjá. Í stað þess að vera á faraldsfæti við tónleikahald og skapa sér nafn í tónlistarheiminum, þá sinnti hann orgelinu og þeim skyldum sem bæði hljóðfærið og húsbændur hans lögðu á herðar honum. Hann fékk útrás fyrir sköpunarþrá sína á tónfundum Collegium Musicum sem var eins konar tónlistarklúbbur. Collegium Musicum í Leipzig stóð á gömlum merg og tók Bach við stjórn þess 1729 og stýrði í tæpan áratug. Yfir vetrartímam æfði hópurinn á kaffihúsi Zimmermanns í Catherinenstraße þar sem mörg af veraldlegum verkum Bachs hljómuðu í frumbersku þýsku kaffihúsamenningarinnar.

Tónlistin á Íslandi

Hljómsveitarsvíta nr. 1 hefur einungis verið flutt einu sinni áður af SÍ en það var árið 1968 undir stjórn Kurts Thomas í Háskólabíói. Svíta nr. 3 hefur hins vegar hljómað alls ellefu sinnum í meðförum hljómsveitarinnar, fyrst 1954 í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Róberts A. Ottóssonar og síðast árið 2009 í Háskólabíói undir stjórn Nicholas Kraemer. Síðast flutti Kammersveit Reykjavíkur allar hljómsveitarsvítur Bachs á tónleikum Listahátíðar í Reykjavík undir stjórn Richards Egarr 2012.

Bach samdi fjórar hljómsveitarsvítur, sem vitað er um, en númeraröð svítanna gefur ekki rétta mynd af því hvenær þær voru samdar þar sem upprunahandrit svítanna eru glötuð. Það eru því eyður í þekkingu okkar varðandi þessi verk en hljóðfæraraddir sem endurritaðar voru eftir handritum tónskáldsins eru helstu heimildirnar.

Talið er að fyrsta svítan hafi verið samin í kringum 1723, sú þriðja um 1731 en önnur svítan hafi að öllum líkindum verið samin síðust, í kringum 1738 eða 1739. Fjórða svítan er ráðgáta en mögulega var hún samin á svipuðum tíma og sú fyrsta. Bach nefndi verkin ekki svítur heldur *ouverture*, sama heiti og er á upphafskafla verkanna þar sem *ouverture* kemur af franska orðinu *ouvrir* - að opna. Röð dansa með forleik sem upphaf er form sem kom frá franska tónskáldinu Jean-Baptiste Lully og næstu tvær kynslóðir tónskálda fylgdu af einurð. Í Frakklandi var konsertuppfærsla af völdum dansþáttum úr óperu eða ballett iðulega leikin með forleik viðkomandi verks á undan en

síðar fékk svítan sjálfstæða tilvist þar sem dansþættirnir voru samdir óháðir og víðsfjarri söngsviðum og dansgólfum.

Rismesti þáttur svítunnar er upphafsþátturinn, sem jafnframt er lengstur allra þátta hennar. Hann er saminn í frönskum stíl með ríkulega punkteruðum hryn í upphafi kaflans sem fylgt er eftir með líflegu og hröðu hljómsveitarspili en síðar er snúið aftur til upphafsins, þess hæga og virðulega. Í fyrstu svítunni eru óbóin og fagottið í forgrunni á móti strengjunum en í þriðju svítunni eru það trompetarnir og pákurnar.

Fyrsta svítan er sérstök að því leytinu að ítalski dansinn *forlane* er á meðal dansþáttanna, dans sem finnst í fáum öðrum verkum eftir Bach. *Forlane* var upphaflega hamslaus þjóðdans frá Feneyjum og er því líflegasti þáttur svítunnar. Aðrir þættir eru *courante* sem dregur nafn sitt af sögninni *courir*; að hlaupa, *gavotte* sem var upprunalega bændadans, menúett sem var sá dans sem lifði góðu lífi eftir að barokktímanum lauk, *bourrée* sem var sannkallaður faldafeykir og *passepied* sem var hraður franskur dans.

Þriðja hljómsveitarsvítan er með tilkomumestu og glæsilegustu hljóðfæraverkum Bachs. Upphafsbátturinn setur tóninn í mikilfengleik sínum sem fylgt er eftir af heillandi og íhugulum þætti, *air*, sem er meðal þekktustu perla tónbókmenntanna þar sem Bach nýtur sín til fullnustu sem laglínuhöfundur. Eftir þennan ægifagra kafla tekur gleðin og hátíðleikinn aftur völdin og svítunni lýkur á þremur dansköflum; *gavotte*, *bourée* og líflegri *gigue* eða gikk, fjörugum dansi sem á rætur að rekja til Bretlandseyja og nefndist þar *jig*.

Konsert fyrir tvær fiðlur í d-moll



Tónlistin á Íslandi

Konsert fyrir tvær fiðlur í d-moll eftir Bach var fyrst fluttur í Þjóðleikhúsinu 1955 af Ingvari Jónassyni og Jóni Sen undir stjórn Olavs Kielland. Jón Sen flutti konsertinn aftur með Birni Ólafssyni árið 1961 í Dómkirkjunni undir stjórn Jindrichs Rohan. Einar Hjörleifsson og Sigurður Rúnar Jónsson léku konsertinn í Háskólabíói undir stjórn Bohdans Wodiczko árið 1966 og á sama stað fluttu Guðný Guðmundsdóttir og György Pauk konsertinn undir stjórn Petris Sakari 1989. Fyrsti þáttur konsertsins var síðast leikinn á jólatónleikum hljómsveitarinnar 2009 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar en einleikarar voru Rannveig Marta Sarc og Sólveig Steinþórsdóttir.

Bach samdi svo mikið af tónlist að það hefur verið áætlað að það tæki einn skrifara um 70 ár að endurrita allar hljóðfæraraddirnar úr handritum tónskáldsins. Magnið er þó ekki það sem menn undrast mest heldur gæði tónlistarinnar. Þó Bach hafi undir lok feril síns þótt gamaldags, rödd hverfandi stíltegunda og tímabils þar sem öld heiðlistar gekk í garð, þá er það engum vafa undirorpið að Bach þróaði tónlistarform síns tíma á einstæðan hátt og til hins ítrasta. Hann lagði ómetanleg lóð á vogarskálarnar í trúarlegri túlkun tónlistar sinnar, nálgun sem lýsti af manngæsku og göfuglyndi. Þetta var þeim tónskáldum ljóst sem þekktu til tónlistar Bachs, tónskáldum eins og Mozart, Beethoven, Schumann og Mendelssohn sem með flutningi *Matteusarpassiúnar* 1829, endurvakti áhugann á tónsmíðum Bachs.

Bach samdi konsertinn fyrir tvær fiðlur á árunum 1717-1723 í Cöthen en árið 1739 umritaði hann verkið fyrir tvo sembala. Ekki er vitað hvenær konsertinn var frumfluttur en hægt er að leiða getum að því að annað hvort hafi Bach stjórnað hljómsveitinni og leikið á aðra einleiksfíðluna eða leitt hljómsveitina frá sembalnum á tónleikum Collegium Musicum á kaffihúsi Zimmermanns í Leipzig. Konsertinn fyrir tvær fiðlur og hljómsveit er einn vinsælasti tvíkonsert sem saminn hefur verið og sá barokkkonsert fyrir fiðlu sem hlotið hefur hvað mest lof. Konsertinn hefst á kraftmiklum upphafskafila en eins og í mörgum konsertum er fjársjóður hans falinn í hæga kaflanum sem er hreinasta gersemi, þar sem ægifögur og draumkennd laglínan er leikin í samtalsformi beggja fiðlanna. Konsertinum lýkur á sannkallaðri flugeldasýningu, þéttu og funheitu samspili einleikaranna.

Um konsertinn frá einleikurum kvöldsins

Einleikarar kvöldsins í tvíkonsertinum eru konsertmeistarar hljómsveitarinnar Nicola Lolli og Sigrún Eðvaldsdóttir. Nicola segist alla tíð hafa verið heillaður af konsertinum og hlustað á hann síðan hann var barn. Hann leggur áherslu á að einleiksfíðlurnar tvær styðji hvor við aðra og í samspili við hljómsveitina skapist endalaus uppspretta taktfastrar tónlistar með dáleiðandi laglínunum. „Laglínur einleikaranna svipa til samtals tveggja einstaklinga sem stundum er kraftmikið en í annan tíma lagrænt, blítt og ljúft“ segir Nicola. „Það ríkir aldrei samkeppni á milli fiðluleikaranna meðan á flutningi konsertsins stendur sem er eins og hinn fullkomni heimur friðar og gagnkvæms stuðnings.“ Nicola hefur ekki leikið konsertinn síðan á námsárunum en hlakkar mikið til að flytja verkið með Sigrúnu og Sinfóníuhljómsveitinni.

Sigrún Eðvaldsdóttir hefur alloft leikið tvíkonsertinn bæði hér heima og erlendis. Þegar Sigrún var í námi við Curtis-tónlistarháskólann var hún valin til að leika konsertinn með Szymon Goldberg, einum af kennurum skólans, sem var mikil upphefð. Sigrún á dýrmætar æskuminningar frá jólum þar sem hlustað var á plötu með feðgunum David og Igor Oistrakh leika konsertinn. „Fegurri tvíleik var ekki hægt að hugsa sér“ sagði Sigrún „en seinna lékum við systurnar hæga þáttinn í Dómkirkjunni við brúðkaup Guðnýjar Guðmundsdóttur og Gunnars Kvaran.“ Síðast lék Sigrún tvíkonsertinn með Guðnýju Guðmundsdóttur og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í Seltjarnarneskirkju og hjá henni ríkir eftirvænting að flytja konsertinn með Nicola: „Þó að við séum nokkuð ólík þá vinnum við mjög vel saman og erum eiginlega perluvínir.“

Brandenburgarkonsert nr. 1



Brandenburgarkonsert nr. 1 er sá fyrsti í röðinni af sex hljóm-sveitarverkum sem eru meðal þekktustu konserta frá fyrrihluta 18. aldar. Konsertarnir eru tileinkaðir markgreifanum af Brandenburg en leiðir Bachs og greifans lágu saman 1719 þegar Bach var á leið sinni til Berlínar til að festa kaup á nýjum sembal fyrir hirðina í Cöthen. Markgreifinn bað Bach um að semja fyrir sig konserta með fjölbreyttu hljóðfæravali og er handritið sem sent var til markgreifans árið 1721 eina heimildin sem til er um konsertana vinsælu.

Allir *Brandenburgarkonsertarnir* eru skrifaðir fyrir ólíka hljóðfærahópa og gera umtalsverðar kröfur til hljóðfæraleikaranna. Sérstaða konsertanna er því hljóðfæraval þeirra og tónvefnaður og má þar nefna annan *Brandenburgarkonsertinn*, sem er mjög krefjandi fyrir trompetleikarann, þann fimmta sem er með sembalinn í einleikshlutverki og sjötta konsertinn sem er saminn fyrir dýpri strengi. Fyrsti konsertinn er sá eini af *Brandenburgarkonsertunum* sem saminn er fyrir horn og gefur það til kynna að Bach hafi haft aðgengi að sérlega góðum hornleikurum því hljóðfæri þess tíma voru svokölluð náttúruhorn sem voru horn án ventla. Þó hornin eigi sér langa sögu þá var Bach eitt af fyrstu tónskáldunum sem samdi fyrir hljóðfærið og því má segja að hann hafi flutt hornaköllin af akrinum inn í tónleikasalinn.

Tónlistin á Íslandi

Brandenburgarkonsert nr. 1

hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Áður hefur hljómveitin flutt

Brandenburgarkonserta nr. 3 og 4.

Sá þriðji var fyrst fluttur 1970 undir stjórn Páls P. Pálssonar og sjá fjórði hefur einu sinni heyrst í meðförum hljómveitarinnar en það var árið 1968 undir stjórn Kurts Thomas.

Kammersveit Reykjavíkur flutti

Brandenburgarkonsertana á 25 ára afmæli sveitarinnar, 1998, undir stjórn Jaaps Schröder og fékk upptakan Íslensku tónlistarverðlaunin 2003.

Auk hornanna tveggja er konsertinn saminn fyrir þrjú óbó, fagott og piccolo-fiðlu, strengi og fylgirödd. Í upphafsþætti konsertsins ferðast laglínan á milli horna, óbóa og fiðlu og eru því hraðar breytingar, bæði í lit og vefnaði, í fyrsta kafla konsertsins. Annar þátturinn er tvíleikur á milli fiðlu og óbós þar sem hljóðfærin bergmála hvort annað eða leika í keðju. Þriðji kaflinn er fjörugur og minnir einna helst á dans en í lokaþættinum er hver kafli skrifaður fyrir ólíka hljóðfærasamsetningu: tríó fyrir óbó og fagott, pólónesa fyrir strengi og síðara tríóið fyrir óbó og horn þar sem menúettinn er leikinn af hljómveitinni á milli allra kaflanna.

Hjördís Ástráðsdóttir



Jólatónleikar Sinfóníunnar

Lau. 13. des. » 14:00, 16:00
Sun. 14. jan. » 14:00, 16:00

Bernharður Wilkinson

hljómshveitarstjóri

Trúðurinn Barbara *kynnir*

Hulda Björk Garðarsdóttir og

Kolbrún Völkudóttir *einsöngvarar*

Vox Signum, *ungir einleikarar,*

ungir trompetleikarar, bjöllum,

barnakórar, ungir ballettdansarar

og skólahljómshveit

Miðaverð 2.400/2.800 kr.

Jólatónleikar Sinfóníuhljómshveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi þar sem sígild jólalög og klassísk ballettónlist er í forgrunni.



@icelandsymphony #tonsprotinn

Tryggið ykkur miða

Kynnir tónleikanna er trúðurinn Barbara sem mun á sinn einlæga og óviðjafnanlega hátt tendra ljós í hjörtum tónleikagesta.

Tónleikarnir verða túlkaðir á táknmáli.

Á döfinni á nýju ári

Ungir einleikarar

Fim. 15. jan. » 19:30

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Vinningshafar keppninnar vekja verðskuldaða athygli og mikil eftirvænting ríkir fyrir þeim krafti sem býr í unga tónlistarfólkinu okkar.

André Jolivet

Concertino fyrir trompet píanó og strengi

Robert Schumann

Píanókonsert í a-moll

Maurice Ravel

Píanókonsert í G-dúr

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll

Torodd Wigum hljómsveitarstjóri

Baldvin Oddsson trompetleikari

Erna Vala Arnardóttir píanóleikari

Lilja María Ásmundsdóttir píanóleikari

Steiney Sigurðardóttir sellóleikari

Macbeth og Kullervo

Fim. 22. jan. » 19:30

Á starfsárinu halda hljómsveitir um víða veröld upp á 150 ára fæðingarafmæli Richards Strauss og Jeans Sibelius. Fyrir utan fjölmargar óperur sínar er Strauss þekktastur fyrir tónaljóðin og er *Macbeth*, sem byggir á leikriti Shakespeares, hið fyrsta í röðinni. Sibelius sækir efnivið sinn í sagnabálkinn *Kalevala* og dregur upp myndir úr lífi hins hvatvísa Kullervos en verkið er hið fyrsta í röð tólf tónaljóða sem byggð eru á finnsku þjóðargerseminni.

Richard Strauss

Macbeth, sinfónískt ljóð

Jean Sibelius

Kullervo, sinfónískt ljóð

Petri Sakari hljómsveitarstjóri

Jorma Hynninen og **Þóra Einarsdóttir** einsöngvarar

Karлакór Reykjavíkur og **Karлакórinn Fóstbræður**

smurstöðin



MÁ BJÓÐA BRAGÐLAUKUNUM Á JÓLABALL?

*Smurstöðin er nýr og glæsilegur veitingastaður
í Hörpu. Tilvalinn áningarstaður í hádeginu
á aðventunni fyrir stóra sem smáa hópa.*

Á matseðlinum er lögð áhersla á smurbrauð með
nýnorrænu yfirbragði þar sem íslenskt gæðahrá-
efni nýtur sín til fulls — og býður bragðlaukunum
hreinlega upp í dans.

Hljómsveit á tónleikum

4. desember 2014

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Alfreðsson

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Richard Korn

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

FAGOTT

Michael Kaulartz

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

SEMBAL

Guðrún Óskarsdóttir

PÁKUR

Frank Aarnink

Arna Kristin Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grimur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ása Jóhannsdóttir *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Monika Abendroth *umsjónarmaður*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

Vínartónleikar 2015

Fim. 8. jan. » 19:30

Fös. 9. jan. » 19:30

Lau. 10. jan. » 16:00, 19:30

David Danzmayr

hljómsveitarstjóri

Disella Lárusdóttir og

Garðar Thor Cortes

einsöngvarar

Verð frá 3.400 kr.

Tryggið ykkur miða

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands, sem mörgum
þykir ómissandi upphaf á nýju ári,
eru vinsælustu tónleikar hljóm-
sveitarinnar þar sem glæsileiki
og glaðværð eru ríkjandi.

